

Fornleifakönnun vegna framkvæmda á lóð HVEST á Patreksfirði



Margrét Hrönn Hallmundsóttir

NV nr. 03-22
Janúar 2022

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA Fornleifadeild		Dagsetning mán/ár: janúar 2022
Skýrsla númer: NV nr. 03 - 22	Verknúmer:	Dreifing: ☐ Opin ☒ Lokuð til: 1. 5. 2022 ☐ Háð leyfi verkkaupa
Heiti skýrslu: Fornleifakönnun vegna framkvæmda á lóð HVEST á Patreksfirði		Blaðsíður: 13 Upplag: 8
Höfundur: Margrét Hallmundsdóttir		Fjöldi korta: 0 Gerð skýrslu/Verkstig: Lokaskýrsla
Verkefnisstjóri: Margrét Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Framkvæmdasýslu ríkisins
Lykilorð íslensk: Fornleifar, Fornleifakönnun		Lykilorð ensk: Archeology, surveying
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		Yfirlarið af: Hulda Birna Albertsdóttir

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	4
2. AÐFERÐAFRÆÐI	4
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	6
3.1 Geirseyri saga.....	7
3.2 Fornleifaskráning	8
4. NIÐURSTÖÐUR.....	11
HEIMILDARSKRÁ	13

1. INNGANGUR

Þann 1. október 2021 samþykkti Olga Guðrún Sigfúsdóttir fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins-ríkiseignir tilboði fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða um fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóð Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða (HVEST) á Patreksfirði. Vettvangsvinna var gerð þann 9. október 2021 af fornleifafræðingunum Hermanní Hjartarsyni, Atla Rúnarsyni og Gunnari Grímssyni. Margrét Hallmundsdóttir sá um skýrslugerð.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af/ kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir

veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Framkvæmdasvæðið er 7.5 he og er í kringum sjúkrahúsið á Patreksfirði (Heilbrigðisstofnun Vestfjarða). Ofan við sjúkrahúsið er í dag komið mikið mannvirki sem er ofanflóðagarður.



Kort 1. Kortið sýnir með rauðu það svæði sem rannsakað var.

Númerin eru fengin frá kortasjá Minjastofnunar Íslands. Hvert verkefni er afmarkað og hlýtur sérstakt númer sem í þessu tilfelli er númerið **2742**. Sjá má afmörkun þess svæðis sem skráð var inn á kortasjá Minjastofnunar <https://www.map.is/minjastofnun/>. Hver fornleif hlýtur síðan hlaupandanúmer dæmi: *verkefnanúmer 2742-1*.

3.1 Geirseyri saga

Í jarðabók Árna og Páls segir að á Geirseyri hafi verið bænhús sem er fyrir löngu eyðilagt.¹ Patreksfjörður var áður kenndur við Vatneyri. Þar hefur verið verslað frá fornu fari og er eyrarinnar fyrst getið í heimildum árið 1570². Einnig var stunduð verslun frá Geirseyri og var byggðin öll kölluð Eyrar um nokkurt skeið. Í gegnum aldirnar hafa norskir, enskir, þýskir og danskir kaupmenn siglt til Vatneyrar og árið 1604 gerðu Danir Vatneyri að viðurkenndum verslunarstað³.

Fram til ársins 1907 tilheyrði Patreksfjörður sveitarfélaginu Rauðasandshreppi. Það ár var kaптúnið, þ.e. Geirseyri og Vatneyri, tvær bújarðir. Verslun og útgerð var rekin bæði á Geirseyri og Vatneyri. Það var ekki fyrr en á síðustu árum 19. aldar að fólki fór að fjölga á Patreksfirði, en þó aðallega upp úr aldarmótum þegar að útgerð þaðan eflist. Árið 1890 voru á Vatneyri 39 manns, en á Geirseyri 49, samtals 88 manns. Árið 1910 bjuggu á Patreksfirði 475 manns, 1920 436 manns og 1930 606 manneskjur.

Á Patreksfirði er mjög góð höfn frá náttúrunnar hendi og sigling á fjörðinn hrein og auðveld. Veðursæld er mikil þegar til hafnar er komið. Þangað hefur því verið siglt frá landnámsöld og kaupmenn haft aðstöðu sína á Vatneyri frá því að byggð festist í nágrenni staðarins. Vitað er að á liðnum öldum hafa siglt þangað norskir, þýskir og danskir kaupmenn og stundað þar verslun. Fram til 1836 var Vatneyri einn hinna svokölluðu „autoriseruðu út- liggjarastaða“, en þá breyttist heitið í „autoriseraður höndlunarstaður“. Árið 1877 var með lögum ákveðið að reka megi verslun á Geirseyri við Patreksfjörð þannig „að Geirs-eyri og hinn eldri verslunarstaður, Vatneyri, séu að álitnir sem einn verslunarstaður“, eins og það er orðað. Eftir þetta var kaптúnið stundum kallað Eyrar af íbúum nágrennasveitanna. Einkum var sumu sveitafólki, sem fór þangað í kaupstað, tamt í munni að segja: „Eg er að fara á Eyrar“ eða „ég er að koma af Eyrum.“ Kaптúnið var þó víðast kallað Patreksfjörður og lagðist nafnið Eyrar fljótlega af.

Um síðustu aldamót 1900 voru tveir kaupmenn á Patreksfirði. Á Geirseyri sat Markús Snæbjörnsson. Hann var eigandi jarðarinnar og rak þaðan nokkra útgerð og verslun.

¹ Árna Magnússonar og Páls Vítalín . 1938,bls.332.

² Íslenzkt fornbréfasafn. 15 bindi. 1947-50, bls 511.

³ Jón J. Aðils. 1971 bls 76.

Hann átti verslunarskip, sem var í förum til útlanda. Sagt er að hann hafi oft verið sjálfur í förum með skipi sínu.

3.2 Fornleifaskráning

Númer: 2742-1

Eldra númer: ÍS-209334- 157-002

Hlutverk: Garður, rétt

Tegund: Garðlag /hleðsla

Staðsetning: A 575511 N 270373

Staðhættir: Um 20 metra austur af sjúkrahúsi er garðlag.




Minjalýsing: Garðurinn liggur til NNA og Mynd 1. Garðlagið á lóð sjúkrahússins.

svo til NNV og eftir standa tvær hliðar hans. Að öllu líkindum hefur verið um ferhyrnd hólfið að ræða eins og eru í nágrenninu. Framkvæmdir við byggingu sjúkrahússins hafa líkleg tekið hinar hliðar garðsins. Garðurinn er hlaðinn út grjóti úr skriðunni fyrir ofan og er hann um 1 m á hæð og 1 m -1,3 m á breidd. Garðurinn er 38 m og liggur í NNA svo beygir hann í NNV og er hann 20 metrar í þá átt. Ofan við garðinn er eins og smá hlaðið



Mynd 2. Loftmynd frá 1958 sem sýnir garðinn, við hlið sjúkrahússins. Landmælingar Íslands.

hólf. Minnir helst á smá rétt við náttuga sem lömb voru stundum geymd í. Alls eru því leifar þessa garðs sem eftir eru 58 m. Trjálundi hefur verið komið upp innan garðsins við hlið sjúkrahússins. Garðurinn er veglegur og mikið í hann lagt. Garðurinn hefur verið breiðastur neðst og mjókkað upp og er óvenjulega breiður á köflum. Garðurinn sést á lofmynd frá 1958 og er teiknaður inn á kort sem Herforingjaráðið lét teikna árið 1913. Garðurinn er líklega frá því öðru hvoru megin við aldamótin 1900 en þorp fór ekki að myndast fyrr en um 1867 í landi Geirseyrar en þá gaf Markhús Snæbjörnsson lóð á Geirseyri undir skóla, sjúkrahús, kirkju og kirkjugarð⁴.



Mynd 3. Kort af Patreksfirði frá 1913. Landmælingar Íslands.

⁴ Vatneyri Húsakönnun. Greinargerð 2019. GINGI teiknistofna.



Mynd 4. Efri skammhlið garðsins sem liggur NV-SA tekið í SA.



Mynd 5. Lítið hólf við NA hlið.

4. NIÐURSTÖÐUR

Garðurinn sem er á lóð Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Patreksfirði hefur eitt sinn verið ferkantað hólf, líklega í kring um hús. Í dag eru tvær hliðar eftir af garðinum. Garðurinn hefur verið veglegur á sínum tíma og mikið í hann lagt. Líklegur aldur er einhverstaðar í kring um aldamótin 1900. Hann er nú á kafi í trjám sem og hefur greinilega lengi verið trjálundur. Uppgröftur á þessum garði myndi ekki svara neinu meira um aldur hans vegna skorts á gjóskulögum. Enda bendir flest til þess að hann hafi verið reistur um það leiti sem þorp fór að myndast á Geirseyri eftir miðja 19. öld. Ekki fundust fleiri minjar innan skipulagssvæðis enda hefur það verið jarðvegskipt við framkvæmdir við byggingar og vegagerð í geng um tíðina. Sjúkrahúsið, bílplanið og vegur fyllir út í skipulagssvæðið og eini óraskaði jarðavegurinn er við hlið sjúkrahússins þar sem garðurinn er falinn inn í trjálundi. Það er mat skýrsluhöfundar að skráningin sé fullnægjandi mótvægisaðgerð komi til þess að garðurinn þurfi að víkja vegna framkvæmda. En ákvörðun um mótvægisaðgerðir eru í höndum Minjastofnunar Íslands. Ef minjar finnast undir yfirborði við framkvæmdir ber að stöðva verkið tafarlaust og tilkynna það til Minjastofnunar Íslands.



Mynd 6. Myndin sýnir innmælingu á garðinum og svæðið sem skoðað var. Ofna við sjúkrahúsið er í dag búið að reisa ofnaflóðavarnir.

HEIMILDARSKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II.* bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XV. 1947-1950. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Jón J.Aðils. 1971. *Einokuunarverslun* Dana á Íslandi 1602-1787. Heimskringla. Reykjavík.

Óprentaðar Heimildir

Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá Geirseyri

Vatneyri Húsakönnun. Greinargerð 2019. GINGI teiknistofna.